



Fundur í sveitarstjórn

54. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í Grunnskólanum á Bakkafirði fimmtudaginn 3. nóvember 2016 og hófst kl 17:05.

Mætt voru: Hulda Kristín Baldursdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Heiðrún Óladóttir, Þorsteinn Vilberg Þórisson, Karl Ásberg Steinsson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson og Nína Björg Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Óskað hefur verið eftir því að bæta tveimur nýjum málum inn á dagskrá fundarins; *Leigusamningur - hesthús* sem yrði númer 21 og *átta mánaða uppgjör* sem yrði númer 22. Aðrir liðir færast aftur sem því nemur.

Samþykkt samhljóða

Dagskrá:

1. Fundargerð aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 23. sept. 2016.
2. Fundargerð 388. fundar Hafnasambands Íslands, dags. 12. okt. 2016.
3. Fundargerðir 285. og 286. fundar stjórnar Eypings.
4. Fundargerð 2. fundar Almannaþingarnefndar Þingeyinga, dags. 13. okt. 2016.
5. Fundargerð 186. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra, dags. 15. sept. 2016.
6. Fundargerð 22. fundar Fræðslunefndar Langanesbyggðar, dags. 18. okt. 2016.
7. Fundargerð 23. fundar Fræðslunefndar Langanesbyggðar, dag. 26. október 2016.
8. Fundargerð 24. fundar Fræðslunefndar Langanesbyggðar, dags. 1. nóv. 2016.
9. Fundargerð 9. fundar Atvinnu- og ferðamálanefndar Langanesbyggðar, dags. 31. okt. 2016.
10. Fundargerð 20. fundar Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar, dags. 21. okt. 2016.
11. Fundargerð 21. fundar Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar, dags. 28. okt. 2016.
12. Innsent erindi – ósk um fjárstuðning – Snorraverkefnið 2017.
13. Innsent erindi – ósk um fjárstuðning – Stígamót.
14. Innsent erindi – ósk um fjárstuðning – Lionsklúbbur Húsavíkur.
15. Innsent bréf - Innanríkisráðuneytið – form og efni viðauka við fjárhagsáætlun.



LANGANESBYGGÐ

16. Innsent bréf – Byggðastofnun – Aflamark Byggðastofnunar.
17. Nýr samningur um váttryggingar.
18. Finna fjörður – staða mála.
19. Ljósleiðarkerfi í dreifbýli Langanesbyggðar – forhönnun og kostnaðarmat EFLU.
20. Fundir sveitarstjórnar – breytt fundarform.
21. Leigusamningur – hesthús.
22. Átta mánaða uppgjör.
23. Tillaga að fjárhagsáætlun 2017.
24. Skýrsla sveitarstjóra.

Fundargerð:

1. **Fundargerð aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 23. sept. 2016.**
Fundargerð lögð fram til kynningar.
2. **Fundargerð 388. fundar Hafnasambands Íslands, dags. 12. okt. 2016.**
Fundargerð lögð fram til kynningar.
3. **Fundargerðir 285. og 286. fundar stjórnar Eyþings.**
Fundargerðir lagðar fram til kynningar.
4. **Fundargerð 2. fundar Almannavarnarnefndar Þingeyinga, dags. 13. okt. 2016.**
Fundargerð lögð fram til kynningar.
5. **Fundargerð 186. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra, dags. 15. sept. 2016.**
Fundargerð lögð fram til kynningar.
6. **Fundargerð 22. fundar Fræðslunefndar Langanesbyggðar, dags. 18. okt. 2016.**
Fundargerð lögð fram til kynningar.
7. **Fundargerð 23. fundar Fræðslunefndar Langanesbyggðar, dag. 26. október 2016.**
Fundargerð lögð fram til kynningar.
8. **Fundargerð 24. fundar Fræðslunefndar Langanesbyggðar, dags. 1. nóv. 2016.**

Liður 1. Grunnskólinn á Bakkafirði.

Að höfðu samráði við fagaðila ákvað Fræðslunefnd á fundi sínum, þann 8. september 2016, að kennsla í tungumálum og stærðfræði færi fram á Þórshöfn, enda hafði á þeim tíma ekki tekist að ráða kennara til starfa í umræddum greinum. Nánar er fjallað um forsendur ákvörðunar nefndarinnar í fundargerð þess fundar. Fyrirkomulag var ákveðið með þeim hætti að fjölgað var um einn



LANGANESBYGGÐ

dag sem nemendur skólans koma til Þórshafnar.

Nú hefur sú breyting orðið á að skólastjóri skólans hefur fullvissað Fræðslunefnd um að mögulegt sé að kenna umrædd fög með fullnægjandi hætti og því telur Fræðslunefnd nægjanlegt að börnin mæti einn dag í viku á Þórshöfn.

Bókun: Í ljósi ofangreinds þá samþykkir sveitarstjórn afgreiðslu Fræðslunefndar.

Samþykkt samhljóða.

9. Fundargerð 9. fundar Atvinnu- og ferðamálanefndar Langanesbyggðar, dags. 31. okt. 2016.

Liður 3. Erindi frá sveitarstjórn – Nýtt rekstrarleyfi til sölu gistinga – ósk um umsögn.

Sveitarstjórn óskaði umsagnar nefndarinnar. Nefndin samþykkir leyfið fyrir sitt leyti en beinir því til sveitarstjórnar að mörkuð verði stefna hvað varðar skammtímaeigu íbúðarhúsnæðis til ferðamanna.

Bókun: Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Atvinnu- og ferðamálanefndar og leggur til að rekstrarleyfið verði veitt til eins árs. Á þeim tíma mun sveitarfélagið marka sér stefnu varðandi skammtímaleigu íbúðarhúsnæðis til ferðamanna. Sveitarstjórn áréttar að húsnæði sem nýtt er til atvinnustarfsemi svo sem gistingar skuli flokkast með réttum hætti í fasteignaskrá, þ.e. sem atvinnuhúsnæði.

Samþykkt samhljóða.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar.

10. Fundargerð 20. fundar Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar, dags. 21. okt. 2016.

Liður 1. Innsent erindi, endurbætur á húsnæði Rarik, Þórshöfn.

Rarik hefur með bréfi óskað eftir heimild til endurbóta á húsnæði varaafsstöðvar fyrirtækisins að Langanesvegi 13 á Þórshöfn. Einnig er óskað eftir heimild til að fjarlægja elsta hluta hússins. Á þeim stað er fyrirhugað að útbúa olíuþró undir nýjan olíutank.

Umrædd fasteign er víkjandi samkvæmt skipulagsramma gildandi aðalskipulags, svæðið er nú skilgreint sem miðsvæði. Á gildandi skipulagi er umrætt hús merkt „Byggingar til niðurrifs“.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir umræddar endurbætur fyrir sitt leyti en felur sveitarstjóra, með hliðsjón af ofangreindu, að afla upplýsinga um framtíðaráform Rarik varðandi nýtingu lóðarinnar.

Bókun: Sveitarstjórn Langanesbyggðar staðfestir ákvörðun Umhverfis- og skipulagsnefndar.

Samþykkt samhljóða.

Liður 2. Umsókn um niðurrif bílskúrs.



LANGANESBYGGÐ

Sótt hefur verið um leyfi til að fjarlægja bílskúr að Langanesvegi 12 og samþykkir Umhverfis- og skipulagsnefnd að bílskúrin verði fjarlægður.

Bókun: Sveitarstjórn Langanesbyggðar staðfestir ákvörðun Umhverfis- og skipulagsnefndar.

Samþykkt samhljóða.

Liður 3. Erindi frá sveitarstjórn – Nýtt rekstrarleyfi til sölu gistinga – ósk um umsögn.

Sveitarstjórn óskaði umsagnar nefndarinnar. Nefndin samþykkir rekstrarleyfið fyrir sitt leyti.

Bókun: Sveitarstjórn Langanesbyggðar staðfestir ákvörðun Umhverfis- og skipulagsnefndar um leið og hún áréttar bókun við lið 9. hér að ofan.

Samþykkt samhljóða.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar.

11. Fundargerð 21. fundar Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar, dags. 28. okt. 2016.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

12. Innsent erindi – ósk um fjárstuðning – Snorraverkefnið 2017.

Snorrasjóður óskar eftir þáttöku Langanesbyggðar í Snorraverkefninu fyrir árið 2017.

Bókun: Sveitarstjórn Langanesbyggðar hafnar erindinu.

Samþykkt samhljóða.

13. Innsent erindi – ósk um fjárstuðning – Stígamót.

Fram er lagt bréf Stígamóta dags 10. október 2016, efni bréfsins er ósk um fjárframlag til starfssemi samtakanna.

Bókun: Sveitarstjórn Langanesbyggðar hafnar erindinu.

Samþykkt samhljóða.

14. Innsent erindi – ósk um fjárstuðning – Lionsklúbbur Húsavíkur.

Fram er lagður tölvupóstur frá Lionsklúbbi Húsavíkur og drög að samningi sem eru samhljóða núgildandi samningi. Efni póstsins er að óska eftir áframhaldandi fjárstuðningi Langanesbyggðar vegna skimunar fyrir krabbameini í ristli og endaparmi. Um væri að ræða 50.000.- á ári fram til ársins 2021, alls 250.000.-.

Núverandi samningur Lionsklúbbsins og Langanesbyggðar var til ársins 2016.

Bókun: Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir áframhaldandi samstarf á ofangreindum forsendum.

Samþykkt samhljóða.

15. Innsent bréf - Innanríkisráðuneytið – form og efni viðauka við fjárhagsáætlun.



LANGANESBYGGÐ

Bréf lagt fram til kynningar. Innanríkisráðuneytið sendi öllum sveitarstjórnnum bréf er varðar form og efni viðauka við fjárhagsáætlun. Tilefni bréfsins er að skerpa á verklagi sveitarfélaga er varðar viðauka.

16. Innsent bréf – Byggðastofnun – Aflamark Byggðastofnunar.

Byggðastofnun hefur svarað bréfi Langanesbyggðar frá 5. október 2016 þar sem farið var fram á aukið aflamark af Aflamarki Byggðastofnunar vegna Bakkafjarðar.

Stjórn Byggðastofnunar ákvað að úthluta ekki auknu aflamarki vegna Bakkafjarðar að þessu sinni.

17. Nýr samningur um vátryggingar.

Fram er lagður óundirritaður samningur vegna vátrygginga. Samningurinn er afurð verðkönnunar sem kynnt var að 52. fundi sveitarstjórnar og samningaviðræðna í kjölfar þess fundar. Jafnhliða verðkönnun voru tryggingar skoðaðar með það að markmiði að bæta tryggingavernd. Við þá skoðun komu í ljós ýmsir ágallar á tryggingavernd sveitarfélagsins og verður bætt úr því í framhaldi af undirritun. Aætlaður sparnaður sveitarfélagsins á samningstíma er nálægt 5 milljónum.

Bókun: Sveitarstjórn fagnar þeim árangri sem náðst hefur með verðkönnuninni og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn.

4 samþykki, Björn Guðmundur, Halldóra Jóhanna og Karl Ásberg sitja hjá.

18. Finnafjörður – staða mála.

Fram eru lagðir minnispointar sveitarstjóra. Frá 52. fundi sveitarstjórnar hafa aðilar verkefnis átt í ýmsum samskiptum ásamt að sveitarstjóri sótti hina árlegu Arctic Circle ráðstefnu.

Öllum þeim er eiga hlut í landi sem er á hugsanlegu hafnarsvæði var sent bréf hvar farið var yfir mál er varða landeigendur, meðfylgjandi bréfinu var fundargerð fundar með landeigendum.

Þann 21. ágúst fundu sveitarstjórar beggja sveitarfélaga með aðilum úr Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu hvar þess var aftur farið á leit að ríkið styddi sveitarfélögin fjárhagslega í þeim verkefnum tengdum Finnafjarðarverkefninu og að sveitarfélögunum snúa. Ekki fékkst niðurstaða á fundinum og verður haldið áfram að sækja á ríkið um fjárstuðning, enda eru fjölmörg fordæmi um slíkt.

Þann 8. október var haldinn í Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytinu fundur í samráðshópi allra aðila sem að viljayfirlýsingunni um verkefnið koma. Þar fóru aðilar yfir stöðu einstakra verkefna og þau sjónarmið er tengjast framgangi verkefnisins.

Dagana 7. til 9. október var hin árlega Arctic Circle ráðstefna haldin í Reykjavík, á ráðstefnunni hélt bremenports svokallaðann hliðarfund (e. break out session). Fundinum stýrði Robert Howe framkvæmdastjóri bremenports. Þar höfðu framsögu Elías Pétursson Lars Stemler, Hafsteinn Helgason og Jim Pass.



LANGANESBYGGÐ

19. Ljósleiðarkerfi í dreifbýli Langanesbyggðar – forhönnun og kostnaðarmat EFLU.

Lögð er fram til kynningar skýrsla vegna ljósleiðaravæðingar í Langanesbyggð.

Bókun: Sveitarstjórn Langanesbyggðar felur sveitarstjóra að draga saman helstu þætti í minnisblað fyrir næsta reglulega fund sveitarstjórnar.

4 samþykki, Björn Guðmundur, Halldóra Jóhanna og Karl Ásberg sitja hjá.

20. Fundir sveitarstjórnar – breytt fundarform.

Oddviti fór yfir málið sem snýst um að skerpa á framkvæmd funda og gera þá skilvirkari. Breytingar taki gildi frá og með næsta fundi sveitarstjórnar, oddviti mun senda gögn.

21. Leigusamningur hesthús.

Fram eru lögð drög að leigusamningi vegna hesthúss efst við Hálsveg.

Bókun: Sveitarstjórn Langanesbyggðar felur sveitarstjóra að ganga frá málinu.

4 samþykki, Björn Guðmundur, Halldóra Jóhanna og Karl Ásberg sitja hjá.

22. Átta mánaða rekstraruppgjör.

Oddviti fór yfir átta mánaða rekstraruppgjör sveitarfélagsins og sveitarstjóri svaraði spurningum. Rekstrarniðurstaða A-hluta er jákvæð um 4,6 millj. sem er 20,2 millj. betri afkoma en áætlun gerði ráð fyrir en 30 millj. betri afkoma en samtímaafkoma síðasta árs. Afkoma B-hluta er enn neikvæð og ræður þar tekjuhrun hafnar, vonir standa til að tekjur haustsins bæti þar eitthvað úr. Afkoma samstæðu fyrstu átta mánuði ársins er neikvæð um 13,6 millj. sem er 14,1 millj. lakari afkoma en áætlun gerði ráð fyrir en 10,1 millj. betri afkoma en samtíma afkoma fyrra árs. Áhyggjur vekur hve mikið launakostnaður er að vaxa ásamt og að enn er ósamið við kennara.

23. Tillaga að fjárhagsáætlun 2017.

Í samræmi við 3. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er hér með lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun 2017 og þriggja ára áætlun 2018 til 2020. Tillagan er unnin út frá rauntölum 2015, útkomuspá 2016 og gefnum forsendum sem fram koma í minnisblaði sveitarstjóra dags. 1. nóvember 2016. Fyrri umræða verður þann 24. nóvember og hin síðari 15. desember.

24. Skýrsla sveitarstjóra.

Lokið hefur verið við að mála íbúðina að Hálsvegi 9 og íbúð í Miðholti 10. Íbúðin í Miðholti hefur nú þegar verið leigð út til heldri borgara hér í bæ. Málningarframkvæmdum við félagsheimilið er lokið að sinni, húsið verður málað eina umferð í vor, ljóst er að verkið verður innan kostnaðaráætlunar. Viðgerð á húsnæði Grunnskólans á Þórshöfn er á lokametrunum og fátt annað eftir en að setja upp innréttingar í elsta hluta skólans. Samningur varðandi sorphirðu er í yfirllestri hjá verktaka og verður væntanlega lagður fyrir næsta fund sveitarstjórnar.

Sveitarstjóri hefur í dag átt í samskiptum við Símann og mílu vegna rofs á



LANGANESBYGGÐ

farsíma-, net-, og símasambandi í gær. Samkvæmt samtali við starfsmann mílu þá er til varasamband sem Síminn nýtti sér ekki og því varð sambandsleysið svo mikið og varði jafn lengi og raun varð. Rofið stóð yfir í fast að 8 klst. og er á allann hátt ólíðandi.

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl. 18:20.